

Reglur um greiðslur vegna aðstöðu barna hjá dagforeldrum í Garðabæ

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að greiða dagforeldrum fjárhæð til að bæta aðstöðu á heimilum dagforeldra með tilliti til þarfa og öryggis þeirra barna sem þeir vista. Um er að ræða eingreiðslu sem greidd er við leyfisveitingu. Bæjarstjórn ákveður fjárhæð hverju sinni að fenginni tillögu leikskólanefndar. Árið 2007 eru greiddar kr. 50.000 með hverju barni.

Skilyrði fyrir greiðslu er:

1. Að hlutaðeigandi dagforeldri hafi leyfi til daggæslu barna í heimahúsi
2. Að dagforeldrið starfi að lágmarki í eitt ár eftir að greiðsla fer fram
3. Að þegar tveir dagforeldrar starfa saman rennur greiðslan til þerrar aðstöðu sem unnið er í
4. Að leitast verði við að börn búsett í Garðabæ hafi forgang í vistun hjá dagforeldrum í Garðabæ

Ekki eru greiddar aðstöðugreiðslur með þeim börnum sem vistuð eru hjá ættingjum eða au pair.

Greiðsla skal miða við fjölda barna með eftirfarandi hætti:

Við veitingu leyfis til daggæslu í heimahúsi greiðist ákveðin upphæð með fjórum börnum.

Eftir eins árs starf greiðist með fimmta barninu.

Ef dagforeldri hættir störfum innan eins árs frá leyfisveitingu er greiðslan endurkræf.

Ákvæði til bráðabirgða.

Greiðsla til starfandi dagforeldra er háð úttekt Forvarnarhús og daggæslufulltrúa.

Samþykkt í bæjarráði Garðabæjar

6. mars 2207

Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.